paxel123.com – Anna Margrét Ólafsdóttir

# Gera mynstur eftir fyrirmynd úr Lego kubbum

sjá myndir neðst á blaðsíðunni

## *Efni:*

- Lego Duplo kubbar
- myndavél
- prentari
- plöstunarvél og plast

## *Aðferð:*

- búa til alls konar mynstur með því að raða saman mislitum Lego kubbum (hér eru notaðir Lego Duplo). Ágætt að hafa um 6 kubba í hvert mynstur.
- taka ljósmynd af mynstrunum, setja í tölvu og prenta út í ca. A5 stærð
- setja í plast og í gegnum plöstunarvélina

## *Leikurinn:*

- börnin fá sér spjald og eiga að raða kubbunum upp í eins mynstur.

## *Ath:*

- hér er mynstrið einfalt þar sem þetta er á yngstu deildinni. Auðvelt er að þyngja þetta með því að nota minni Lego kubba og hafa mun flóknara mynstur
- Hægt að útfæra þetta líka með því að gera einfaldar myndir úr trékubbum



